

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um dóma Landsréttar í kynferðisbrotamálum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var fjöldi dóma Landsréttar í kynferðisbrotamálum árin 2018–2020, sundurliðað eftir því hvort:

- a. fyrri dómur var staðfestur,*
- b. fyrri dómi var breytt, og þá hvort það var til þyngri eða vægari refsingar,*
- c. fyrri dómi var snúið, og þá hvort sakfellingu var snúið í sýknu eða sýknu snúið í sakfellingu,*
- d. um ómerkingu, frávisun eða niðurfellingu var að ræða?*

Svör óskast einnig sundurliðuð eftir árum og þeim lagagreinum sem brot varðar í dómunum.

Til að svara fyrirspurninni var leitað til Landsréttar. Í Landsrétti er ekki haldin tölfraeði sem flokkar mál á grundvelli lagagreina eins og fyrirspurnin hljóðar. Svarið byggist á úrvinnslu upplýsinga úr málaskrá Landsréttar. Þá er áreittað að niðurstöður mála þarf að rýna með hliðsjón af forsendum þeirra dóma sem þar búa að baki.

Á árunum 2018, 2019 og 2020 féll 71 dómur í kynferðisbrotamálum hjá Landsrétti. Þar af voru tveir dómur síðar ómerktir með dómum Hæstaréttar. Þeir dómur eru því ekki taldir með hér á eftir. Að auki var eitt kynferðisbrotamál fellt niður þar sem áfrýjunarstefna þess var afturkölluð.

- a. Af framangreindum málum var dómur héraðsdóms að öllu leyti staðfestur um mat á sekt/sýknu og refsingu í 31 dómi Landsréttar.
 1. Á árinu 2018 var það gert í sjö tilvikum.
 2. Á árinu 2019 voru þau skipti 14 talsins en þar af var í tveimur dómum réttarins ekki mælt fyrir um refsingu dómfellda þar sem þeir létu lífið eftir að héraðsdómur gengu.
 3. Á árinu 2020 var það gert í tíu tilvikum.
- b. Af framangreindum málum var dómi héraðsdóms breytt um mat á refsingu dómfellda í 25 dómum Landsréttar.
 1. Á árinu 2018 þyngdi Landsréttur refsingu í þremur tilvikum en mildaði refsingu í fjögur skipti.
 2. Á árinu 2019 þyngdi Landsréttur refsingu í tveimur tilvikum en mildaði refsingu í fimm skipti.
 3. Á árinu 2020 þyngdi Landsréttur refsingu í tveimur tilvikum en mildaði refsingu í níu skipti.
- c. Af framangreindum málum var dómi snúið í 11 tilvikum, þar af sneri Landsréttur sakfellingu héraðsdóms í sýknu í tíu skipti en sýknu í sakfellingu í einu tilviki.
 1. Á árinu 2018 sneri Landsréttur sakfellingu í sýknu í einum dómi.
 2. Á árinu 2019 sneri rétturinn sakfellingu í sýknu í þremur dómum.
 3. Á árinu 2020 sneri Landsréttur dómi héraðsdóms við í sjö málum, þar af sneri rétturinn sakfellingu í sýknu í sex tilvikum en sýknu í sakfellingu í einu máli.

- d. Í tveimur tilvikum vísaði Landsréttur málum frá héraðsdómi, en það gerðist í báðum tilvikum árið 2020. Annars vegar málinu í heild en hins vegar þeim hluta máls sem sætti endurskoðun fyrir Landsrétti. Þá var sem fyrr segir eitt kynferðisbrotamál fellt niður þar sem áfrýjunarstefna þess var afturkölluð af hálfu embættis ríkissaksóknara en það gerðist árið 2018. Enginn dómur héraðsdóms í kynferðisbrotamáli var ómerktur árin 2018, 2019 eða 2020.